

## Hvatningaverðlaun UMSB

Hvatningarverðlaun UMSB eru veitt árlega á verðlaunaafhendingu Íþróttamanns ársins. Þeir sem geta hlotið hvatningarverðlaun UMSB eru aðildarfélag, deild innan aðildarfélags eða einstaklingur innan aðildarfélags UMSB fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara framúr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.

Árlega óskar skrifstofa UMSB eftir tilnefningum frá aðildarfélögum, á þar til gerðu eyðublaði. Hvert aðildarfélag má senda inn allt að þrjár tilnefningar. Einnig getur stjórn UMSB að eigin frumkvæði valið verðlaunahafa.

Stjórn UMSB tekur endanlega ákvörðun um hver hlýtur Hvatningarverðlaun hverju sinni. Ef þurfa þykir getur stjórn leitað umsagnar utanaðkomandi aðila með sérþekkingu, svo sem sérsambands.

Stjórn UMSB ákveður á hverjum tíma hvernig verðlaununum skal háttað.